



Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun Vatnsendaskóla skólaárið 2008 – 2009

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Aðferðafræði og framkvæmd.....	6
1.1 Hvernig líður þér í skólanum? (Nemendakönnun).....	6
1.2. Starfsmannaviðtöl.....	7
1.3 Líðan starfsfólks, starfsandi og samstarf.....	7
1.4 Kennsla og námsmat	8
2. Niðurstöður	9
2.1 Viðhorf nemenda til skólans og skólastarfsins.....	9
2.2 Viðhorf starfsfólks til skólans og skólastarfsins.....	16
2.3 Mat kennara á kennslu og námsmati í skólanum	21
2.4 Samantekt úr starfsmannaviðtölum vorið 2009	26
3. Umbótaáætlun og framkvæmd umbóta	28
3.1 Líðan nemenda í skólanum	28
3.2 Viðhorf starfsfólks til skólans og skólastarfsins.....	29
3.3 Kennsla og námsmat	30
Viðauki 1 - Umbætur framkvæmdar eftir sjálfsmat 2007-2008.....	31
Fylgiskjal 1	35
Fylgiskjal 2	39
Fylgiskjal 3	43
Fylgiskjal 4	46

Inngangur

Veturinn 2008-2009 voru 320 nemendur í Vatnsendaskóla í 1.-10. bekk. Starfsmenn voru 55. Skólastjóri Vatnsendaskóla var Guðrún Soffía Jónasdóttir.

Skólinn er einsetinn og skólaárinu er skipt upp í tvær annir sem enda með námsmati í desember/janúar og maí. Hver kennslustund er 40 mínútur. Kennsla hefst kl. 8:10 á morgnana og lýkur kl. 13:20 hjá 1. – 4. bekk, kl. 14:00 hjá 5. – 7. bekk og flesta daga kl. 14:40 á unglingastigi.

Eftir að skóla lýkur á daginn er boðið upp á gæslu í Dægradvöl fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Dægradvöl er opin frá 13:20 – 17:15. Skrifstofa skólans er opin á virkum dögum frá kl. 8:00 – 16:00. Nánari upplýsingar um framkvæmd og skipulag skólastarfsins er að finna í skólanámskrá Vatnsendaskóla sem aðgengileg er á heimasíðu skólans: www.vatnsendaskoli.is.

Í Vatnsendaskóla hefur frá upphafi verið lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám og kennslu í náttúrufræði og raungreinum með það í huga að nýta náttúruna í kringum skólann. Til að ýta undir þessar áherslur hefur deildarstjóri yfir þeim greinum boðið umsjónarkennurum að koma í sérútbúna náttúrufræðistofu með bekkinn sinn. Þar eru unnin sérstök valin verkefni undir handleiðslu deildarstjóra. Í stærðfræði hefur deildarstjóri komið inn í umsjónarbakki með stærðfræðiver og stjórnað verklegri stærðfræðikennslu með umsjónarkennara.

Útikennsla hefur einnig frá upphafi verið órjúfanlegur þáttur í áherslum skólans og frá og frá skólabyrjun haustið 2009 var mótuð stefna sem gerir ráð fyrir að kennarar á yngsta stigi fari í útikennslu í hverri viku á yngsta stigi með sína umsjónarbakki og að lágmarki í annarri hverri viku á miðstigi. Faggreinakennurum á unglingastigi er að sama skapi gert að fara að lágmarki einu sinni á önn með hvern námshóp í útikennslu.

Í kjölfar kennarafundar á fyrsta starfsári setti matsteymi fram leiðarljós skólans. Í þeim kemur fram hvernig skóli Vatnsendaskóli eigi að vera:

- Skóli sem veitir nemendum sínum góða menntun og býr þá vel undir framtíðina.
- Skóli sem býður upp á fjölbreytta kennsluhætti og skapandi starf þar sem tekið er mið af þörfum hvers og eins.

- Skóli sem er sveigjanlegur og getur lagað sig að breyttum aðstæðum.
- Skóli þar sem virðing, vinátta og samvinna ráða ríkjum og öllum líður vel.
- Skóli þar sem sérstök áhersla er lögð á náttúrufræði og raungreinar, umhverfi skólans er nýtt til kennslu og borin er virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu.
- Skóli þar sem metnaður ríkir og áhersla er lögð á þróunarstarf og símenntun starfsfólks.
- Skóli þar sem ríkir jákvæður agi, nemendur fá skýr skilaboð og læri að taka afleiðingum gjörða sinna.
- Skóli sem leggur áherslu á gott samstarf við foreldra/forráðamenn og aðra í umhverfi skólans.

Sjálfsmat skólans hefur þróast með skólanum frá upphafi. Matsskýrsla fyrir fyrstu tvö starfsár skólans kom út í febrúar 2008 og í því mati var lögð áhersla á að skoða hvernig gengið hefði að koma á einstaklingsmiðuðu námi í skólanum og hvernig kennsluskipulagið, það er að segja árgangakennsla í íslensku og stærðfræði en samkennsla í öðrum greinum, væri að koma út. Einnig var skólabragurinn metinn og þá að mestu út frá líðan nemenda og starfsfólks og viðhorfum foreldra. Vorið 2008 fóru stjórnendur yfir það sem gert hafði verið varðandi þær ábendingar sem þar voru settar fram.

Þess má geta að veturinn 2008-2009 tóku menntamálaráðuneytið út sjálfsmatsaðferðir skólans og í niðurstöðum frá ráðuneytinu kemur fram að skólinn fær „fullt hús stiga“ á öllum sviðum. Niðurstaðan sýnir að matskerfið gerir ráð fyrir að allar hliðar skólastarfsins eru skoðaðar og kynntar með kerfisbundnum hætti með það fyrir augum að gera úrbætur á þeim þáttum sem betur mega fara.

Í þessari matsskýrslu er fjallað um sjálfsmat skólans veturinn 2008 -2009 og niðurstöður þess. Sjálfsmatið byggir á fimm ára áætlun þar sem allir þættir skólastarfsins eru skoðaðir. Þar er um 15 megin þætti að ræða. Sumir þættir eru skoðaðir einu sinni á tímabilinu en aðrir oft. Þeir þættir sem voru til skoðunar á skólaárinu 2008-2009 voru eftirfarandi:

1. Nám – námsmat – námsárangur
2. Líðan nemenda, þarfir, starfsandi og samstarf

3. Líðan starfsfólks – starfsandi, samstarf
4. Stjórnun
5. Viðmót og menning skóla
6. Einstaklingsmiðað nám
7. Námskeið um einstaklingsmiðað nám með áherslu á náttúrufræði og útikennslu

Í matsteymi Vatnsendaskóla veturinn 2008-2009 voru Guðmundur Freyr Sveinsson aðstoðarskólustjóri sem stýrði teymisvinnunni, Ásta Ingunn Sævarsdóttir kennari, Elín Margrét Kristinsdóttir kennari, Halla María Ólafsdóttir kennari, Lovísa Hannesdóttir kennari og Ólöf Ósk Ólafsdóttir sem fór í fæðingarorlof í apíl. Í stað Ólafar kom Kristín Helga Einarsdóttir kennari sem kom á sama tíma úr fæðingarorlofi.

Þær matsspurningar sem lagt var að stað með í matinu veturinn 2007-2008 voru:

- Hvernig líður nemendum í skólanum?
- Fer líðan nemenda eftir því í hvaða aðstæðum þeir eru?
- Hvernig líður starfólki skólans í vinnunni?
- Hver eru viðhorf starfsmanna til skólans og skólastarfsins?
- Hvernig hefur kennurum gengið að framfylgja stefnu skólans um einstaklingsmiðað nám?
- Hvað finnst kennurum um námsmatskerfið?
- Hvernig hefur tekist til með endurmenntunarnámskeið í einstaklingsmiðuðum kennsluháttum með áherslu á útikennslu?

1. Aðferðafræði og framkvæmd

Sjálfsmat Vatnsendaskóla veturinn 2008-2009 var byggt á eigindlegri og meindlegri aðferðafræði. Fjórum sinnum voru lagðir fyrir spurningalistar í skólanum. Einu sinni fyrir nemendur, tvisvar sinnum fyrir kennarana og einu sinni fyrir allt starfsfólk skólans. Auk þess fór allt starfsfólk skólans í starfsmannaviðtal hjá skólastjórnendum. Í spurningalistunum og viðtölunum var leitað eftir svörum við ofangreindum þáttum bæði með opnum og lokuðum spurningum.

1.1 Hvernig líður þér í skólanum? (Nemendakönnun)

Vorið 2007 lagði þáverandi deildarstjóri, Sigríður Þóttir fyrir nemendakönnun í öllum skólanum. Könnun var liður í sjálfsmati skólans og um leið meistaraprófsritgerð Sigríðar við Kennaraháskólann. Sjálfsmatsteymið lagði áherslu á að byggja nemendakönnunina í vetur á sama grunni og vorið 2007 bæði vegna þess að spurningarnar voru góðar og auk þess gaf það möguleika á að bera saman niðurstöðurnar frá vorinu 2007. Þá hafði skólinn að vísu aðeins verið með 1. – 7. bekk en í vetur var skólinn einnig með 8. – 10. bekk og því þurfti að hanna spurningalista út frá þeim forsendum.

Könnunin var lögð fyrir í öllum bekkjum skólans. Uppsetning og spurningar tóku mið af aðstæðum og forsendum mismunandi árganga. Umsjónarkennarar hvers árgangs voru beðnir um að leggja könnunina fyrir í viðkomandi árgangi en þó ekki í sínum bekk. Í skólanum voru alltaf tveir bekkir í árgangi nema í 7. og 10. bekk þar sem aðeins einn bekkur er í hvorum árgangi. Umsjónarkennarar í þeim bekkjum voru því beðnir um að leggja könnunina fyrir hjá hvor öðrum.

Nemendur svöruðu könnuninni í fyrstu viku marsmánaðar, þ.e. 2.-6. mars. Í fylgiskjali 1 eru dæmi um tvær kannanir sem lagðar voru fyrir nemendur annars vegar í 1.-2. bekk og hins vegar í 8.-10. bekk. Þeir aðilar í sjálfsmatsteyminu sem höfðu veg og vanda að könnuninni voru Ásta Ingunn Sævarsdóttir og Lovísa Hannesdóttir.

1.2. Starfsmannaviðtöl

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórnarnir tveir tóku viðtöl við alla starfsmenn skólans á vorönn 2009. Skólastjóri tók tólf viðtöl, aðstoðarskólastjóri tók 14 viðtöl og deildarstjórnarnir tóku tíu og níu viðtöl hvor. Þess var gætt að stjórnendur tækju ekki sömu einstaklinga í viðtal og árið áður. Viðtölin voru tekin í febrúar og mars. Til viðmiðunar fyrir viðtölin voru eyðublöð fyrir starfsmannaviðtöl sem gefin eru út af Kópavogsbæ (sjá fylgiskjal 2). Starfsmenn fengu eyðublaðið í hendur með góðum fyrirvara og áttu að undirbúa sig með því að fylla út mat á eigin frammistöðu í starfi og skila til stjórnenda daginn fyrir viðtal.

Í viðtalinu voru teknir fyrir þættir eins og verkefni/ábyrgðarsvið, vinnustaðurinn og vinnuaðstaða, samskipti á vinnustað, stjórnun, starfþróun og fræðsla og starfsmaðurinn sjálfur og líðan hans auk frammistöðumats. Kennarar voru sérstaklega spurðir um hvernig gengi að einstaklingsmiða námið og spurt var um líðan hvers starfsmanns. Hvert viðtal tók á bilinu 30-50 mínútur. Stjórnendur skráðu hjá sér helstu niðurstöður hvers viðtals og fjallað var um þær á stjórnendafundum. Rétt er að taka fram að það voru stjórnendur sjálfir sem tóku þessi viðtöl og ber að skoða niðurstöður með hliðsjón af því.

1.3 Líðan starfsfólks, starfsandi og samstarf

Í febrúar var hafist handa við að hanna spurningalista fyrir allt starfsfólk skólans er varðaði líðan, starfsanda og samstarf í skólanum. Flestar spurningarnar áttu við allt starfólkið en þó var í einstaka tilvikum gerður greinarmunur á kennurum og öðrum starfsmönnum. Svarendur voru auk þess beðnir um að merja í upphafi hvort þeir væru kennarar eða ekki kennarar til að hægt væri að greina hvort að munur væri á svörum þessa tveggja hópa. Allt starfólk skólans fyrir utan stjórnendur fengu könnunina í hendur í lok aprílmánaðar. 35 af 42 kennurum skiluðu listunum aftur til baka eða 83% og 10 af 13 öðrum starfsmönnum en kennurum svöruð eða 77%. Í heildina var því um 82% svörun að ræða.

Flestar spurningarnar voru settar upp sem meginleg rannsókn með lokuðum svarmöguleikum en einnig var boðið upp á opnar spurningar auk þess sem starfólk hafði tækifæri til að koma með ábendingar um það sem betur mætti fara (sjá fylgiskjal 3). bekk.

Þeir aðilar í sjálfsmatsteyminu sem höfðu veg og vanda að könnuninni voru Elín Margrét Kristinsdóttir og Halla María Ólafsdóttir.

1.4 Kennsla og námsmat


Á haustönn 2009 var ákveðið að taka upp nýtt námsmatskerfi sem www.mentor.is var þá að byrja að bjóða upp á. Matið gengur undir heitinu Leiðsagnarmat þar sem kennarar geta komið upplýsingum um námsframvindu nemenda á framfæri hvort tveggja með stöðluðum hætti sem og í textaformi. Auk þess byggir matið á sjálfsmatið nemenda. Í kjölfarið var ákveðið að leggja fyrir kennara spurningalista sem varðaði hið nýja námsmat til að greina kosti og galla kerfisins. Um leið voru lagðar fyrir spurningar, bæði opnar og lokaðar varðandi einstaklingsmiðaða kennslu í skólanum. Þau gögn áttu að koma til viðbótar og samanburðar við gögn úr starfsmannaviðtölum. Spurningalistann má sjá í fylgiskjali 4. bekk. Þeir aðilar í sjálfsmatsteyminu sem höfðu veg og vanda að könnuninni voru Nína Hrönn Guðmundsdóttir og Kristín Helga Einarsdóttir.

2. Niðurstöður


2.1 Viðhorf nemenda til skólans og skólastarfsins

2.1.1 Nemendur í 1.-7. bekk


Það voru fleiri nemendur sem finna hvorki til sérstakrar vellíðunar né vanlíður þegar þeir fara í skólann á morgnanna miðað við árin á undan. 77% nemenda líður vel þegar þeir fara í skólann en 5% líður illa.




Nemendum sem líður vel í skólanum fjölgar umtalsvert frá vorinu 2007. 83% nemenda líður vel í skólanum en 5% líður illa.




Nemendum líður áberandi best þegar þeir eru hjá umsjónarkennurunum sínum. 90% nemenda líður vel hjá kennaranum sínum. 3% nemenda segist líða „frekar illa” hjá kennaranum sínum en engum nemenda líður mjög illa ólíkt því sem áður var.




80% nemenda líður vel með bekkjarfélögum sínum en 6% líður illa. Hér eru merki um að vanlíðan nemenda í kringum bekkjarfélaga sína hafi aukist með árunum.



75% nemenda líður vel í frímínútum á meðan 7% nemenda líður illa. Miðað við þær niðurstöður sem birtast í þessari skýrslu eru frímínútur sá tími sem líðan nemenda er sem verst.




81% nemenda líður vel í matartímanum og 6% líður illa. Sú niðurstaða er í meðallagi miðað við árin á undan.




2.1.1 Nemendur í 8.-10. bekk

Vorið 2009 útskrifaði Vatnsendaskóli í fyrsta skiptið nemendur úr 10. bekk. Sambærilegar tölur fyrir unglingastigið eru því ekki til frá árunum áður og þeim nemendum er heldur ekki blandað saman við nemendur á yngsta og miðstigi í gögnum á undan til að rugla ekki samanburð milli ára. Hér á eftir koma því niðurstöður úr líðanakönnun á unglingastigi vorið 2009.


66% nemenda líður vel þegar þeir fara í skólann en 9% nemenda líður illa. Unglingunum virðist því líða verr en yngri nemendunum þegar þeir fara í skólann á morgnanna.




Þegar nemendurnir eru komnir í skólann fer þeim að líða betur en þeim leið þegar þeir lögðu af stað. 76% nemenda er þá farið að líða vel og 4% nemenda líður illa. Engum líður „mjög illa“.




Nemendum á unglingastigi virðist líða vel hjá sínum umsjónarkennara eins og yngri nemendunum. 78% líður vel hjá sínum kennara og engum líður „mjög illa“.



Nemendum á unglingastigi virðist líða besta þegar þeir eru með bekkjarfélögum sínum. Þá líður 85% nemenda vel og aðeins 2% nemenda segist líða illa.




Nemendur unglingastigsins virðist líða betur í frímínútum en í kennslustunum öfugt við nemendur á yngri stigum. 84% nemenda á unglingastigi líður vel í frímínútum en 2% nemenda líður illa.




2.2 Viðhorf starfsfólks til skólans og skólastarfsins


Öllu starfslóki Vatnsendaskóla virðist líða vel í vinnunni.




Öllu starfsfólki skólans finnst samskipti sín við stjórnendur ganga vel.




Öllu starfsfólki skólans finnst ganga vel að eiga samskipti við samstarfsfólk sitt (aðra en stjórnendur).




Öllu starfsfólki skólans finnst ganga vel að eiga samskipti við nemendur skólans fyrir utan einn kennara sem segir að það gangi hvorki vel né illa.




Það virðist fyrst fara að draga úr ánægju með samskipti þegar kemur að samskiptum starfólks við foreldra þar sem 14% eða 5 einstaklingar segja að samskiptin gangi hvorki vel né illa. Aðrir segja að samskiptin gangi vel, þ.e. 86% svarenda.




Þrátt fyrir að samskipti í skólanum mælist góð virðist fólk vera undir frekar miklu vinnuálagi eða 78%. Enginn upplifir vinnuálagið vel.




Starfsfólk skólans virðist vera nokkuð sátt við sína persónulegu vinnuaðstöðu. Aðeins einn kennari upplifir hana illa.



Þegar spurt er um úrvalið í mötuneyti starfsfólksins eru svörin nánast því normaldreifð. Mjög skiptar skoðanir virðast því vera um úrvalið en flestir svara „hvorki vel né illa” eða 53%.



Hægt var að flokka svörin eftir því hvort starfólk skólans voru kennarar eða ekki kennarar. Enginn merkjanlegur munur virtist vera á svörum þessara tveggja hópa í könnuninni fyrr en kom að spurningunni um mótuneytið þar sem kennurum þykir úrvalið í mótuneytinu ekki eins gott og öðrum starfsmönnum skólans.




Í könnuninni var svarendum gefinn kostur á að skrifa ábendingar um hvernig breyta mætti úrvalinu í mótuneytinu. Dæmi um svör sem bárust voru eftirfarandi:


- Hafa grænmetis- og ávaxtabar.
- Hafa meira af léttum mat, t.d. sallöt og grænmetisrétti.
- Hafa aðgang að grillofni og betri örbylgjuofni.
- Það er of oft það sama í matinn.
- Það mætti auka úrvalið með því að hafa hamborgara, pítur, fahitas o.fl.
- Fá ferskari mat, þ.e. meiri kjúlkling, sallat og þess háttar.
- Gæti hugsað mér að borða oftar ef um salöt væri að ræða.
- Í hádeginu mætti vera meira úrval, t.d. fiskréttir, smáréttir og kjötréttir öðru hverju. Of mikið um pasta og hrísgrjón.
- Mætti vera betra kaffi. Mætti vera kaffivél með kaffi latte.
- Það er frekar dýrt að versla á kaffistofunni.

2.3 Mat kennara á kennslu og námsmati í skólanum


Tæp 60% af kennurum finnst stefna skólans um einstaklingsmiðað nám vera nógu skýr en rúmlega 40% þeirra finnst stefnan ekki nógu skýr. Ekki var hægt að merkja mun milli þess á hvaða stigi kennarar voru með umsjón eða hvort að þeir voru sérgreinakennarar.




Tæplega 70% kennara telja þörf á fleiri námskeiðum um einstaklingsmiðun. Þær niðurstöður eru í samræmi við niðurstöðurnar í töflunni á undan.




Allir kennararnir 19 sem svöruðu könnuninni voru á því að skólinn ætti að halda áfram að nota leiðsagnarmatið í mentor.




Nær allir kennarar á yngsta stigi vildu prenta út leiðsagnarmatið fyrir nemendurna bæði að hausti og vori. Skoðanir voru skiptari hjá öðrum kennurum og taldi t.d. helmingur kennara á unglingastigi ekki þörf á að prenta út matið.




Ánægja með valmöguleikana í leiðsagnarmatinu er skipt í helminga milli þeirra sem finnst þeir góðir og hinna sem þykja valmöguleikarnir ekki góðir. Valmöguleikarnir eru fjórir og þeir sem vildu breyta þeim bentu á að of harkalegt orða- og litaval væri fyrir þá nemendur sem skila minnstum árangri. Einnig var nokkrum sinnum bent á að það vantaði fimmta valmöguleikann í miðjuna sem væri nokkuð hlutlaus um það hvernig nemendurnir væru að standa sig.



Kennarar vilja samkvæmt matinu samræma betur hvenær og hvernig þeir skrifa umsagnir.



Allir kennararnir sem svöruðu könnuninni eru sáttir við að hætta með „gamla matsblaðið“ sem er í samræmi við niðurstöðurnar um að skólinn eigi að halda áfram að nota leiðsagnarmatið.



2.4 Samantekt úr starfsmannaviðtölum vorið 2009

Líðan

Almennt töluðu starfsmenn um að þeim liði vel í starfinu og að starfsandinn væri mjög góður. Einhverjir töluðu um að þeir gerðu kannski of miklar kröfur til sín og tækju inn á sig þegar eitthvað gengi ekki upp.

Samvinna / samskipti

Flestir voru ánægðir með þá samvinnu og samstarf sem þeir voru í. Umsjónarkennarar sem kenna yngri bekkjum voru afar ánægðir með samvinnunna bæði í árgöngum og á milli árganga í samkennslugreinum. Umsjónarkennari á unglingastigi var ánægður með fasta fundartíma á þriðjudögum á unglingastiginu en að þeim mætti þó fækka. Tölvukennari talaði um að vilja sampætta meira sína kennslu við kennslu hjá umsjónarkennurum og sérgreinakennurum. Sérgreinakennari sagðist vilja sjá að það yrðu fastir fundir hjá list- og verkgreinakennurum.

Vinnuaðstaða

Flest allir voru ánægðir með vinnuaðstöðu sína. Stuðningsfulltrúi sagði að sig vantaði svartan stól á hjólum til að hafa frammi á gangi og nota þegar hún væri að láta krakkana lesa. Starfsmaður í dægradvöl talaði um að skólalóðin væri ekki nógu afmörkuð og því þyrfti að vera mjög vakandi fyrir börnum úti í dægradvöl svo þau færu ekki of langt.

Unglingastigskennarar töluðu um að gera mætti stofur á unglingagangi notalegri og hengja meira upp í þeim.

Íþróttakennari sagði að vinnuaðstaða íþróttakennara væri engin. Þær hefðu ekki fartölvu og ekki aðgengi að ákveðinni tölvu í skólanum heldur leituðu þær að tölvu sem væri laus.

Einn kennari benti á að það væri gott og gaman ef það væri sameiginleg vinnuaðstaða innan hvers stigs fyrir sig.

Upplýsingaflæði

Flest allir voru ánægðir með upplýsingaflæðið og töluðu um tölvupóst og töfluna á kaffistofunni í því sambandi. Skólaliði talaði um að upplýsingaflæði væri ekki nógu gott. Það vantaði upplýsingar t.d. um vinaleik og árshátíð. Einnig talaði hún um að það vantaði upplýsingaflæði milli kennara og dægradvalar. Kennarar nefndu að deildarfundir mættu vera fleiri.

Þörf fyrir fræðslu / símenntun

Það var misjafnt hvort viðmælendur töldu sig hafa þörf fyrir endurmenntun og hvernig endurmenntun þeir töldu sig þurfa. Það kom fram hjá tveimur kennurum að þeir óskuðu eftir námskeiði í agastjórnun eða bekkjarstjórnun. Einn kennari talaði um mikilvægi þess að fá skyndihjálparnámskeið. Tölvu- og tónmenntakennarar töldu um að útikennslunámskeið hentuðu þeim ekki vel.

Aðgengi að stjórnendum

Allir töldu aðgengi að stjórnendum gott. Nokkrir kennarar sögðu gott hve mikið væri opið inn til stjórnenda og að þeir væru opnir fyrir athugasemdum og hugmyndum. Einn kennari nefndi að gaman væri ef stjórnendur kæmu meira inn í stofurnar til að sjá það sem væri að fara fram.

Annað

Kennarar voru ánægðir með breytinguna frá því í fyrra þegar farið var úr samkennslu árganga í árgangaskiptingar. Útikennslan kom upp þar sem umsjónarkennarar vildu frekar sjá hana í smiðjuformi þar sem erfitt væri að vera úti með heilan bekk í einu. Kennarar voru ánægðir með leiðsagnarmatið og vildu hafa það form á námsmati áfram.

3. Umbótaáætlun og framkvæmd umbóta

Í þessum kafla verður sett fram umbótaáætlun og fjallað um framkvæmd þeirra umbóta sem nauðsynlegar eru í Vatnsendaskóla í kjölfar sjálfsmatsins veturinn 2008-2009. Efnisatriði byggjast á matsspurningunum.

3.1 Líðan nemenda í skólanum

Helstu niðurstöður:

Nemendum líður almennt vel í skólanum. Þeim líður best með sínum bekkjarfélögum og hjá sínum umsjónarkennara en það dregur úr vellíðan þegar nemendur eru á öðrum stöðum, t.d. í frímínútum og matsal.

Áætlun um umbætur og framkvæmd:

1. Bekkjarfundir:

Ákveðið var að skólaárið 2009-2010 yrðu fastir bekkjarfundir í hverri viku.

2. Lífsleikni og vinnutímar:

Ákveðið var að skólaárið 2009-2010 myndu umsjónarkennarar á unglingastigi kenna lífsleikni og vera með vinnustundir til að efla tengsl kennarans við umsjónarhópinn.

3. Hádegismatur:

Farið var yfir skipulagið fyrir skólaárið 2009-2010 með það fyrir augum að auka skilvirkni og bæta líðan í hádegismatnum. Matarteymið ásamt Skólamat heimsækir alla bekki skólans og gefur krökkunum kost á að spyrja um hádegismatinn og fá upplýsingar. Tilraun gerð með þrískipt hádegi til að dreifa hópunum.

4. Frímínútur:

Ákveðið að semja við 10. bekinga um að taka þátt í frímínútnagæslu ásamt kennurum og starfsfólki skólans gegn því að árgangurinn safni sér um leið fyrir rútukostnaði fyrir útskriftarferði að vori.

5. Skólavinir:

Ákveðið að koma á skólavinakerfi sem gerir ráð fyrir að hver og einn nemandi í 1. bekk eigi sinn skólavin í 5. bekk. Næstu fimm vetur getur yngri nemandinn þá leitað til þess sem eldri er og að því loknu tekur hann sjálfur við sem stuðningsaðili fyrir nýjan 1. beking.

6. Vinabekkir:

Ákveðið var að ýta enn frekar undir samstarf milli vinabekkja. Samkvæmt vinabekkjaskipulaginu eru tveir bekkir á mismunandi aldurstigi paraðir saman og síðan taka þeir þátt í ýmsum verkefnum sem efla samkennd og samvinnu.

7. Zippy

Allir kennarar í 1.-4. bekk fóru á námskeið í nýlegu námsefni í lífsleikni sem kallast Vinir Zippys. Námsefninu er ætlað efla tilfinningaþroska ungra barna og hjálpa þeim að ræða um og leysa ýmis samskiptamál sem upp geta komið, sjá: <http://www.lydheilsustod.is/lydheilsustod/gedraekt/vinir-zippy>.

8. Íþróttir:

Ákveðið að hafa íþróttatímana 60 mínútur skólaárið 2009-2010 í stað 40 mínútna eins og áður og fækka þar með ferðum í íþróttahús úr þremur í tvær á viku.

3.2 Viðhorf starfsfólks til skólans og skólastarfsins

Helstu niðurstöður:

Starfsfólki líður almennt vel í vinnunni og samskiptin eru góð þrátt fyrir að niðurstöður sýni að töluvert vinnuálag fylgi störfunum.

Áætlun um umbætur og framkvæmd:

9. Mötuneyti starfólks:

Fjölbreytileiki í mötuneyti starfólks var samkvæmt niðurstöðunum ekki nægjanlegur auk þess sem kvartað var undan að ekki væri alltaf hægt að fá ábót á matinn. Farið var yfir málið með matráði og áætlanir gerðar um úrbætur. Ákveðið að starfsfólk geti alltaf fengið eina ábót á matinn.

3.3 Kennsla og námsmat

Helstu niðurstöður:

Stefna skólans í einstaklingsmiðuðu námi var ekki talin nógu skýr en leiðsagnarmatið þykir gott.

Áætlun um umbætur og framkvæmd:

10. Einstaklingsmiðað nám:

Ákveðið var að þróa útskýringartöflu um einstaklingsmiðað nám í Vatnsendaskóla. Taflan byggir á fimm stoðum, þ.e. viðhorf, námsumhverfi, nemandi, kennarar og foreldrar. Undir hverri stoð eru fjórir liðir sem marka einstaklingsmiðað umhverfi í skólanum.

11. Námsmat:

Ákveðið að halda áfram að nota og þróa leiðsagnarmatið sem www.mentor.is býður upp á.

12. Námsframvinda:

Ákveðið var að skoða áfram nýja möguleika á www.mentor.is sem kallast Námsframvinda með það fyrir augum að kerfið verði prófað hjá ákveðnum hópum á næsta skólaári. Kerfið býður upp á að hver og einn nemandi geti sett sér markmið og haldið utan um sína eigin námsframvindu með aðstoð kennara síns. Kerfinu er ætlað að ýta undir einstaklingsmiðun og ábyrgð nemenda á eigin námi.

Viðauki 1 - Umbætur framkvæmdar eftir sjálfsmat 2007-2008

Viðhorf starfsmanna til skólaársins 2007-2008

Helstu niðurstöður:

Starfsfólki líður vel í skólanum og er ánægt með starfsanda og stjórnendur. Flest kennarateymin nýta samstarfstíma vel en þó eru einhver sem eiga erfitt með að finna tíma til að hittast. Kennarar í unglingadeild eiga erfitt með að finna tíma til samstarfs og ákveðin hætta er á að sérgreinakennarar einangrist. Bæta má upplýsingaflæði t.d. með töflu og tölvupóstum. Sumir líta á samkenndu árganga sem veikleika

Áætlun um umbætur og framkvæmd:

13. Fastir samstarfstímar í töflu hjá teyllum, kennurum á unglingastigi og sérgreinakennurum:

Fastir tímar voru settir í töflu um áramótin 2007-2008.

14. Aukið upplýsingaflæði:

Upplýsingaflæði var bætt eftir kaffihúsamatið haustið 2007. Sett var upp tafla á starfsmannastofu og aðstoðarskólastjóri skrifar alla atburði vikunnar og kennarar bæta við upplýsingum frá sér. Að auki voru tölvupóstsamskipti á milli stjórnenda og starfsmanna eflað. Í viðtölum við starfsfólk vorið 2008 kom fram að þessar aðgerðir hafa reynst vel.

15. Skoða kennslufyrirkomulagið út frá niðurstöðum sjálfsmats fyrstu þrjú skólaárin:

Vorið 2008 var ákveðið að breyta kennslufyrirkomulaginu í skólanum þannig að nemendum yrði skipt í bekkir eftir aldri. Jafnframt var ákveðið að samkenndu yrði hjá nemendum í 1.-6. bekk í náttúru- og samfélagsfræði. Kennarar viðkomandi árganga sáu um skipulag samkenndunnar. Þessi breyting var kynnt fyrir kennarafundi, foreldraráði og á opnum fundi með foreldrum vorið 2008 auk þess sem tölvupóstur var sendur heim til allra foreldra. Ákvörðunin byggðist á eftirfarandi þáttum sem fram komu í sjálfsmati:

- a) Líðan nemenda. Þeim líður betur í sinni heimastofu en þegar farið er í aðrar stofur.

- b) Kennarar vilja hafa betri yfirsýn yfir stöðu nemenda í sínum umsjónarbekk.
- c) Kennurum fannst hópaskipting sem fylgdi samkennslu hafa áhrif á sveigjanleika varðandi tímastjórnun og vildu geta haft meiri sveigjanleika með hvernig þeir notuðu tímann inni í bekk.
- d) Samkennsla talin veikleiki af sumum á kaffihúsafundi.

Einstaklingsmiðað nám

Helstu niðurstöður:

Kennarar voru ánægðir með áherslu skólans á einstaklingsmiðað nám og samstaða var um að halda áfram á þeirri braut. Gætir enn óöryggis hjá sumum kennurum um hvað einstaklingsmiðað nám er.

Áætlun um umbætur og framkvæmd:

16. Leggja áfram áherslu á einstaklingsmiðað nám í endurmenntun kennara:

Ákveðið var að halda endurmenntunarnámskeið um einstaklingsmiðað nám og náttúrufræðikennslu veturinn 2008-2009. Námskeiðið er í umsjón Ingvars Sigurgeirssonar prófessors við HÍ.

Námskeið um einstaklingsmiðað nám og náttúrufræði

Helstu niðurstöður:

17. Almenn ánægja kennara með námskeiðið. Sérgreinakennurum fannst námskeiðið ekki nýtast þeim sem skyldi. Námskeiðið náði of langt fram á vor. Meiri kynningu vantaði á einstaklingsmiðuðu námi

Áætlun um úrbætur og framkvæmd:

Hér var um lokamat á þessu námskeiði að ræða og í kjölfar mats var ákveðið að halda annað endurmenntunarnámskeið veturinn 2008-2009 með áherslu á einstaklingsmiðað nám, náttúrufræði og útikennslu.

Parfaggreining fyrir námskeið um einstaklingsmiðað nám með áherslu á náttúrufræði og útikennslu

Helstu niðurstöður:

Kennarar vilja læra mismunandi kennsluaðferðir í náttúrufræði og útikennslu. Þeir vilja meiri leiðsögn í einstaklingsmiðaðri kennslu. Kennarar telja best að vinna saman í litlum hópum. Þeir vilja samþætta námsgreinar

Áætlun um úrbætur og framkvæmd:

Tekið var mið af ofangreindum ábendingum kennara við hönnun á endurmenntunarnámskeiði veturinn 2008-2009.

Viðhorf foreldra

Helstu niðurstöður:

Foreldrar ánægðir með skólann og það viðmót sem mætir þeim í skólanum og með samskipti almennt. Þeim finnst börnunum sínum almennt líða vel í skólanum. Foreldrar eru ánægðir með upplýsingaflæði frá skólanum en vilja að kennarar nýti mentor betur til að koma á framfæri upplýsingum til þeirra. Foreldrum í rýnihópnum fannst vanta að námið sé nægilega einstaklingsmiðað með tilliti til getumeiri nemenda. Sumum fannst vanta upp á eftirfylgni með nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Sumir foreldrar telja að öryggi í skólaakstri sé ábótavant. Enn er óánægja með skólamatinn. Skiptar skoðanir á námsmati. Agamál virðast í nokkuð góðu lagi en foreldrar í einum bekk voru þó ekki ánægðir með hvernig takið var á agamálum þar.

Áætlun um umbætur og framkvæmd:

18. Hvetja þarf kennara til að nýta mentor betur.

Kennarar voru hvattir á kennarafundum vor og haust 2008 til að nýta mentor betur. Allir kennarar á unglingastigi merkja nú mætingu nemenda sinna samdægurs. Öll heimavinna á unglingastigi er skráð í mentor. Öll skrif kennara í dagbækur nemenda eiga að birtast foreldrum.

19. Efla þarf áfram einstaklingsmiðað nám og huga að getumiklum nemendum.

Nýtt endurmenntunarnámskeið hófst haustið 2008. Námskeiðið er í umsjón Ingvars Sigurgeirssonar prófessors við HÍ.

20. Bæta þarf eftirfylgni með nemendum sem eiga við ákveðna erfiðleika að stríða.

Farið er yfir öll mál sem varða líðan nemenda og námslega stöðu á reglubundnum fundum nemendaverndarráðs. Umsjónarkennarar sækja um aðstoð fyrir sína umsjónarnemendur á sérstökum eyðublöðum sem nemendaverndarráð fer yfir og gerir viðeigandi ráðstafanir. Námsráðgjafi tók til starfa við skólann í fullu starfi hausið 2008.

21. Hafa samband við hlutaðeigandi aðila varðandi öryggi barna í skólaakstrinum.

Haustið 2008 hafa verið haldnir þrír fundir með yfirmanni fyrirækisins auk þess sem samskipti eiga sér stað oft í viku í gegnum tölvupóst og síma.

22. Auka upplýsingaflæði til foreldra varðandi skólamat.

Fulltrúi frá skólamat mætti á kynningarfundi með foreldrum haustið 2008 og kynnti stefnu og þjónustu fyrirtækisins. Einnig kom aðili frá fyrirtækinu á vormánuðum 2008 og ræddi við unglingabekkina og svaraði fyrirspurnum.

23. Auka þarf upplýsingaflæði til foreldra varðandi námsmati.

Námsmatsdagar eru skráðir á skóladagatal 2008-2009 sem birt var á heimasíðu skólans í maí 2008. Skipulag prófa og námsmat er kynnt foreldrum nánar hálfum mánuði fyrir prófatíma með tölvupósti.

24. Hugsa þarf enn betur að agamálum og skólareglum.

Kennarafundur samþykkti skólareglur Vatnsendaskóla í upphafi árs 2008. Sjálfsmatsteymi skólans samdi verklagsreglur til að ná markmiðum sem þar koma fram (sjá fylgiskjal 7).

Fylgiskjal 1

1.-2. bekkur: Hvernig líður þér í skólanum?

Þú átt ekki að skrifa nafnið þitt á blaðið

☐ Strákur

☐ Stelpa

Bekkur_____

					
1. Hvernig líður þér þegar þú ferð í skólann?					
2. Hvernig líður þér í skólanum?					
3. Hvernig líður þér í þinni stofu?					
4. Hvernig líður þér þegar þú ferð í aðrar stofur?					
5. Hvernig líður þér hjá þínum kennara?					
6. Hvernig líður þér með bekkjarfélögunum?					
7. Hvernig líður þér í frímínútum?					
8. Hvernig líður þér í matartímunum?					
9. Hvernig líður þér í smiðjum?					
10. Hvernig líður þér í leikfimi?					

11. Hvernig líður þér í sundi?					
--------------------------------	--	--	--	--	--

					
12. Hvernig líður þér í búningsklefunum?					
13. Hvernig líður þér í rútunni?					
14. Hvernig líður þér í Dægradvöl?					
15. Hvernig líður þér þegar þú lest upphátt fyrir kennarann?					
16. Hvernig líður þér þegar þú lest í hljóði?					
17. Hvernig líður þér þegar þú reiknar?					
18. Hvernig líður þér þegar þú ert á leiðinni heim úr skólanum?					
19. Hvernig líður þér þegar þú ert í útikennslu?					

8.-10. bekkur: Hvernig líður þér í skólanum?

Þú átt ekki að skrifa nafnið þitt á blaðið

☐ Strákur

☐ Stelpa

Bekkur _____

	Mjög vel	Frekar vel	Hvorki vel né illa	Frekar illa	Mjög illa
1. Hvernig líður þér þegar þú ferð í skólann?					
2. Hvernig líður þér í skólanum?					
3. Hvernig líður þér í þinni stofu?					
4. Hvernig líður þér þegar bekknum er skipt upp og þið vinnið í smærri hópum?					
5. Hvernig líður þér hjá þínum kennara?					
6. Hvernig líður þér með bekkjarfélögunum?					
7. Hvernig líður þér í frímínútum?					
8. Hvernig líður þér í matartímunum?					
9. Hvernig líður þér í smiðjum?					
10. Hvernig líður þér í leikfimi?					
11. Hvernig líður þér í sundi?					

	Mjög vel	Frekar vel	Hvorki vel né illa	Frekar illa	Mjög illa
12. Hvernig líður þér í búningssklefunum?					
13. Hvernig líður þér í rútunni?					
14. Hvernig líður þér þegar þú lest upphátt?					
15. Hvernig líður þér þegar þú lest í hljóði?					
16. Hvernig líður þér í stærðfræði?					
17. Hvernig líður þér í dönsku?					
18. Hvernig líður þér í ensku?					
19. Hvernig líður þér í náttúrufræði?					
20. Hvernig líður þér í samfélagsfræði?					
21. Hvernig líður þér í íslensku ?					
22. Hvernig líður þér þegar þú ert á leiðinni heim úr skólanum?					
Þeir sem fara niður í námsver svara þessari spurningu.					
23. Hvernig líður þér þegar þú ferð niður í Námsver?					

Fylgiskjal 2

Starfsmannasamtöl

Markmið:

- Að styrkja tengsl milli starfsmanns og yfirmanns.
- Að ræða frammistöðu starfsmanns, hrós og endurgjöf.
- Að ræða framtíðaráform starfsmanns og starfsþróun.
- Að setja markmið fyrir komandi misseri, þar sem það á við.
- Að greina þörf fyrir þjálfun og setja fram áætlun um hana.

Framkvæmd: Miðað er við að starfsmaður Kópavogsbæjar fái eitt starfsmannasamtal á ári við næsta yfirmann sinn á tímabilinu janúar- apríl. Samtalið á að vera faglegt og uppbyggilegt þar sem hafður er í huga bættur starfsárangur fyrir báða aðila og gagnkvæm upplýsingamiðlun.

Yfirmaður stjórnar samtalinu og er ráðlagt að taka það á hlutlausum og rólegum stað, í fundarherbergi eða utan vinnustaðarins. Áætlaður tími á samtalið er 40-60 mínútur.

Yfirmenn halda undirbúningsfund með starfsfólki sínu nokkru áður en starfsmannasamtölin hefjast til þess að kynna fyrir fólki með hvaða hætti samtölin fara fram og réttindi og skyldur aðila gagnvart þeim.

- Yfirmaður boðar hvert samtal með viku fyrirvara og afhendir um leið starfsmanni undirbúningsblöðin.
- Yfirmenn nota þar til gerð eyðublöð fyrir starfsmannasamtölin. Hægt er að nálgast eyðublöð hjá starfsmannadeild og á vef Kópavogsbæjar en einnig er leyfilegt að nota eyðublöð hvernar stofnunar eða deildar.
- Ef ræða þarf ítarlega einstök málefni eru yfirmenn hvattir til þess að skipuleggja annan tíma fyrir þau.
- Ef annar eða báðir aðilar óska eftir því að þriðji aðili sé viðstaddur ber að taka tillit til þess.
- Samtali lýkur þegar stjórnandi hefur dregið saman niðurstöður á þar til gerð eyðublöð og bæði stjórnandi og starfsmaður gefið samþykki með því að kvitta undir.
- Samtalið er gott tæki til að þarfagreina fræðslu og þjálfun fyrir starfsfólk fyrir símenntunaráætlun þeirra. Það er mikilvægt að yfirmenn átti sig fyrst á þörfum heildarinnar á þjálfun og fræðslu áður en er farið út í að þarfagreina einstaka starfsmenn. Símenntun á að endurspegla þessar sameiginlegu þarfir.

Eftirfylgni:

Starfsmaður og yfirmaður bera báðir ábyrgð á því að fylgja niðurstöðum eftir með þeim verkferlum sem lagðir eru fram í samtalinu. Yfirmenn kynna heildarniðurstöður samtanna á starfsmannafundi og koma sameiginlegum verkefnum/markmiðum starfsmannahópsins í ákveðinn farveg.

Nánari upplýsingar um framkvæmd starfsmannasamtala veitir símenntunarfulltrúi, netfangið er iva@kopavogur.is

Starfsmannasamtal

Stjórnendur afhenda starfsmanni þessi undirbúningsblöð og leiðbeiningar viku fyrir samtalið.

Starfsmannasamtal er gott **tæki** til að hafa áhrif á eigið starf og starfsþróun.

Starfsmannasamtal er ekki launaviðtal. Ef starfsmaðurinn óskar eftir að ræða um laun sín verður að finna annan tíma fyrir það.

Nafn:	kt.:	
Samtalið fer fram þann:	kl.	Staður:

Mikilvægt er að undirbúa sig vel fyrir samtalið og hugleiða m.a. eftirfarandi þætti: Hvað þú gerir vel, hvað þú mættir bæta, líðan í starfi, starfsþróun, fræðsluþarfir og fl. Eftirfarandi spurningar eru til að vekja til umhugsunar þá megin þætti er koma að starfinu, ekki er þörf á því að svara þeim öllum, einungis taka leiðbeinandi punkta með sér fyrir samtalið.

Starfsmaðurinn:

Hver er þinn helsti styrkleiki/veikleiki í starfi?

Hvað í starfinu er hvetjandi/letjandi?

Er eitthvað sem þú þarft að læra betur til að verða öruggari í starfi?

Er starfssvið þitt nægilega skýrt?

Hvernig sérðu fyrir þér starfsþróun þína í framtíðinni?

Verkefni/ábyrgðarsvið:

Hefur þú þá sérfræðilekkingu og reynslu sem starfið krefst?

Eru verkefnin nægilega krefjandi fyrir þig?

Nærð þú tökum á þeim verkefnum sem þér eru falin?

Hvað hefur áhrif á það hvernig þér tekst til í starfi?

Hvernig gætir þú bætt eigin frammistöðu?

Vinnustaðurinn og vinnuaðstaða:

Hvernig er starfsandinn og vinnustaðamenningin?

Hvernig er vinnuaðstaðan þín?

Er eitthvað sem vantar í vinnuaðstöðu þína svo verkefni gangi betur?

Er eitthvað sem þarf að gera svo starfsemin gangi betur fyrir sig?

-skipulag

-þjálfun starfsfólks

-starfsaðstaða

-flöskuhálsar

Samskipti á vinnustað:

Hvernig eru samskipti við aðra starfsmenn?

Hvernig eru samskipti við stjórnendur?
Hvernig eru samskipti við þá sem þú þjónustar?

Stjórnun:

Er aðgengi að stjórnendum og upplýsingum nægjanlegt?
Hvernig eru samskiptin við næsta yfirmann?
Eru stjórnendur opnir fyrir tillögum og athugasemdum?
Færð þú nægjanlega endurgjöf fyrir frammistöðu?

Starfsþróun og fræðsla:

Færð þú að sýna hvað í þér býr í þessu starfi?
Hvert stefnir hugurinn faglega/persónulega?
Eru fyrirsjáanlegar breytingar á verkefna- og ábyrgðarsviði þínu?
Hefur þú áhuga að taka að þér ný verkefni?
Hvaða hæfni þarft þú að þróa?
Hvaða fræðslu eða símenntun telur þú þig þurfa til að viðhalda þekkingu þinni og hæfni næsta árið?

Minnispunktar fyrir viðtalið

Starfsmannasamtal

Frammistöðumat starfsmanns

Farðu í gegnum eftirfarandi flokka sem eru settir fram til leiðbeiningar fyrir starfsmannasamtalið. **Skilaðu punktunum til þíns yfirmanns tveim dögum fyrir samtalið.** Yfirmaðurinn mun nota punktana til að undirbúa sig fyrir samtalið, til að glöggva sig á starfi þínu og frammistöðu.

Mat þitt á eigin frammistöðu út frá eftirfarandi þáttum.

1. Hverjir eru þínir styrkleikar/veikleikar?

2. Þekkir þú þær kröfur sem eru gerðar til þín?

3. Hvað veitir þér mesta ánægju í starfi?

4. Hvað í starfinu virkar hvetjandi/letjandi á þig?

Þessar upplýsingar hefur yfirmaðurinn til viðmiðunar í starfsmannasamtalinu.

Fylgiskjal 3**Líðan starfsfólks, starfsandi og samstarf**☐ Kennari☐ Aðrir starfsmenn skólans**1. Hvernig líður þér í vinnunni?**

- 1 ☐ Mjög vel
- 2 ☐ Frekar vel
- 3 ☐ Hvorki vel né illa
- 4 ☐ Frekar illa
- 5 ☐ Mjög illa

2. Hvernig upplifir þú starfsandann (vinnustaðamenninguna) í Vatnsendaskóla?

- 1 ☐ Mjög vel
- 2 ☐ Frekar vel
- 3 ☐ Hvorki vel né illa
- 4 ☐ Frekar illa
- 5 ☐ Mjög illa

3. Hvernig ganga samskipti þín við stjórnendur Vatnsendaskóla?

- 1 ☐ Mjög vel
- 2 ☐ Frekar vel
- 3 ☐ Hvorki vel né illa
- 4 ☐ Frekar illa
- 5 ☐ Mjög illa

4. Hvernig finnst þér stjórnun Vatnsendaskóla?

- 1 ☐ Mjög góð
- 2 ☐ Frekar góð
- 3 ☐ Hvorki góð né slæm
- 4 ☐ Frekar slæm
- 5 ☐ Mjög slæm

5. Hvernig ganga samskipti þín við aðra starfsmenn en stjórnendur skólans?

- 1 ☐ Mjög vel
- 2 ☐ Frekar vel
- 3 ☐ Hvorki vel né illa
- 4 ☐ Frekar illa
- 5 ☐ Mjög illa

6. Hvernig finnst þér samskipti þín við nemendur ganga?

- 1 ☐ Mjög vel
- 2 ☐ Frekar vel
- 3 ☐ Hvorki vel né illa
- 4 ☐ Frekar illa
- 5 ☐ Mjög illa

7. Hvernig finnst þér samskipti þín við foreldra ganga?

- 1 ☐ Mjög vel
- 2 ☐ Frekar vel
- 3 ☐ Hvorki vel né illa
- 4 ☐ Frekar illa
- 5 ☐ Mjög illa

8. Hvernig móttökur fékkstu þegar þú hófst störf við skólann?

- 1 ☐ Mjög góðar
- 2 ☐ Frekar góðar
- 3 ☐ Hvorki góðar né slæmar
- 4 ☐ Frekar slæmar
- 5 ☐ Mjög slæmar

Hvað mætti bæta að þínu mati?

9. Finnst þér þú fá næga endurgjöf (feedback) á frammistöðu þína frá stjórnendum?

- 1 ☐ Já
- 2 ☐ Hvorki né
- 3 ☐ Nei

10. Finnst þér þú fá næga endurgjöf (feedback) á frammistöðu þína frá öðrum en stjórnendum?

- 1 ☐ Já
- 2 ☐ Hvorki né
- 3 ☐ Nei

11. Hvernig upplifir þú vinnuálagið?

- 1 ☐ Mjög lítið
- 2 ☐ Frekar lítið
- 3 ☐ Hvorki lítið né mikið
- 4 ☐ Frekar mikið
- 5 ☐ Mjög mikið

12. Hvernig líkar þér vinnuaðstaða þín (s.s. búnaður og aðgangur að honum)?

- 1 ☐ Mjög vel
- 2 ☐ Frekar vel
- 3 ☐ Hvorki vel né illa
- 4 ☐ Frekar illa
- 5 ☐ Mjög illa

Hvað mætti bæta að þínu mati?

13. Hvernig líkar þér almenn vinnuaðstaða í skólanum (s.s. kaffistofan, snyrtingar og fatahengi)?

- 1 ☐ Mjög vel
- 2 ☐ Frekar vel
- 3 ☐ Hvorki vel né illa
- 4 ☐ Frekar illa
- 5 ☐ Mjög illa

Hvað mætti bæta að þínu mati?

14. Hvernig líkar þér vinnan í fagteyminu þínu?

- 1 ☐ Mjög vel
- 2 ☐ Frekar vel
- 3 ☐ Hvorki vel né illa
- 4 ☐ Frekar illa
- 5 ☐ Frekar illa
- 6 ☐ Er ekki í fagteymi

15. Hvernig finnst þér kennarafundir nýtast? (aðeins kennarar)

- 1 ☐ Mjög vel
- 2 ☐ Frekar vel
- 3 ☐ Hvorki vel né illa
- 4 ☐ Frekar illa
- 5 ☐ Mjög illa

16. Hvað finnst þér um úrvalið í mötuneyti starfsmanna?

- 1 ☐ Mjög gott
- 2 ☐ Frekar gott
- 3 ☐ Hvorki gott né slæmt
- 4 ☐ Frekar slæmt
- 5 ☐ Mjög slæmt

Hvað mætti bæta að þínu mati?

**17. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri í sambandi við eftirfarandi hluti:
a) Starfsmannafélagið?**

b) Mentor? (aðeins kennarar)

c) Gæslu í útivist/matartímum?

d) Annað?

**Vinsamlegast skilið í hólfið hennar Ellu Möggu fyrir föstudaginn 8. maí.
Við þökkum þér kærlega fyrir þátttökuna og óskum þér alls góðs!
Fyrir hönd Betri skóla teymisins, Ella Magga og Halla María ☺**

Fylgiskjal 4

Mat á einstaklingsmiðuðu námi og leiðsagnarmati á mentor

Vinsamlegast svarið eftirfarandi spurningum eftir bestu getu og setjið í hólfið hjá **Nínu** að því loknu.

- ☐ Kennari á yngsta stigi
- ☐ Kennari á miðstigi
- ☐ Kennari á unglingastigi
- ☐ Sérgreinakennari

Einstaklingsmiðað nám

1. Finnst þér stefna skólans í einstaklingsmiðuðu námi vera nógu skýr?

Já ____

Nei ____

Hvað finnst þér mega bæta?

2. Finnst þér þörf fyrir fleiri námskeið um einstaklingsmiðað nám?

Já ____

Nei ____

Ef svarið er já, þá hvernig námskeið?

-
3. Hvað gerir þú til að koma til móts við þarfir nemenda og einstaklingsmiða nám þeirra?
-

4. Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi einstaklingsmiðað nám?
-

Leiðsagnarmat

1. Hvað fannst foreldrum í þínum bekk um leiðsagnarmatið? (umsjónakennarar)
-

2. Hvað finnst þér um leiðsagnarmatið?

a. Kostir:

b. Gallar:

3. Eigum við að halda áfram með leiðsagnarmatið eða ekki?

Halda áfram____ Ekki halda áfram____

4. Finnst þér ástæða til þess að prenta út leiðsagnarmatið:

- ☐ Að hausti ____
- ☐ Að vori____
- ☐ Að hausti og vori ____
- ☐ Ekki prenta út ____

5. Hvað finnst þér um valmöguleikana/orðalagið í leiðsagnarmatinu?

✓ Til fyrirmyndar ○ Góð framvinda ✎ Þarf að taka sig á ✗ Þarfnast verulegra úrbóta

Mjög gott ____ Ekki gott____ Veit ekki____

6. Nefndu hugmyndir að öðrum valmöguleikum

7. Finnst þér að kennarar þurfi að samræma betur hvernig þeir fylla út varðandi hvenær kennari skrifar umsögn ?

Já____ Nei____ Veit ekki____

6. 8. Ertu sátt/ur við að leggja niður “gamla matsblaðið”?

Já____ Nei____